

Fundargerð starfshóps um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi

1. Fundur haldinn þann 26. júní 2019 kl. 15:30 í Ráðhúsi Borgarbyggðar.

Mætt: Silja E. Steingrímsdóttir, Orri Jónsson, Jón Arnar Sigurbórsson, Unnur Jónsdóttir og Sigrún Ámundadóttir. Einnig Ragnar Frank sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Anna Magnea Hreinsdóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Kristján Finnur Kristjánsson verkefnastjóri framkvæmdarsviðs.

1. Erindisbréf og hlutverk hópsins

Rætt var um hlutverk hópsins sem er að gera tillögu um framtíðaruppbyggingu íþróttamiðstöðvarinnar í Borgarnesi ásamt því að greina þær viðhalds- og nýframkvæmdir í íþróttamiðstöðinni sem nauðsynlegt er að fara í á næstu árum.

Rætt um hvaða starfsemi íþróttamiðstöðin á að hýsa og hversu stór hún á að vera. Einnig hvaða möguleikar eru á staðsetningu hennar og mikilvægi þess að tengja hana við núverandi íþróttamiðstöð, þar sem hópnun er falið að nýta sem best núverandi húsnæði og endurskipuleggja það með það fyrir augum að hámarka nýtingu þess. Þá var farið yfir umferðamál, bílastæði og aðkomu. Ragnari Frank var falið að skoða raunhæfa möguleika á staðsetningu og leggja fyrir fund hópsins í ágúst.

Eitt af hlutverkum hópsins er að fá kostnaðarmat á byggingu hússins og áætla rekstrarkostnað þess. Ekki liggur fyrir hver kostnaðarrámmi verkefnins er né hvenær gert er ráð fyrir því að framkvæmdir hefjist.

Hópurinn á að starfa í nánu samstarfi við hönnuði verksins þegar val á hönnuði liggur fyrir. Var velt upp nokkrum möguleikum við val á hönnuði og hvort honum sé falin ítarleg þarfagreining þegar ákvörðun liggur fyrir um hvaða starfsemi eigi að vera í íþróttamiðstöðinni.

2. Verkáætlun

Gert er ráð fyrir því að starfshópurinn fundi amk. mánaðarlega í vetur. Rætt um mikilvægi þess að hafa gott samráð við notendur íþróttamiðstöðvarinnar og ákveðið var að kalla til fulltrúa UMSB og forstöðumann íþróttamiðstöðvarinnar á fund hópsins í ágúst.

Önnu Magneu var falið að gera drög að verkáætlun fyrir veturinn 2019-2020 og senda þau gögn og skýrslur sem unnar hafa verið um íþróttamiðstöðina í Borgarnesi og senda á hópinn.

Fyrirhugað er að halda norrænan fund um uppbyggingu íþróttamannvirkja 10-13 september á Selfossi og í Hveragerði þar sem fjallað verður m.a. um hvað hefur verið að gerast í uppbyggingu íþróttamannvirkja í sveitarfélögum á Íslandi. Fulltrúar starfshópsins eru hvattir til að mæta á fundinn.

Ákveðið að næsti fundur hópsins yrði boðaður í lok ágúst þar sem farið verður yfir þær skýrslur og gögn sem liggja fyrir um íþróttamiðstöðina og rætt verður við gesti fundarins.

Fleira ekki gert.

Amh.